

Samþykkt

90
24. júlí

um síldarveiði með herpinót á Skagafirði innanverðum.

1. gr.

Innan beinnar línu milli syðri enda Þórðarhöfða og Ingveldarstaðabæjar á Reykjaströnd er öllum óheimil síldarveiði með herpinót á hvaða tíma árs sem er.

2. gr.

Hreppstjórunum í þeim hreppum, sem liggja að samþykktarsvæðinu er sjerstaklega falin umsjón með, að samþykkt þessari sje hlýtt, og skulu þeir fá endurgjald fyrir útlagðan kostnað, vinnutap, bátsleigu og annað, er af eftirliti þessu kann að leiða, eftir reikningi úrskurðuðum af oddvita sýslunefndar, ef ágreiningur verður. Kostnaður þessi greiðist úr sveitarsjóði þess hrepps, er hlutaðeigandi hreppstjóri á heimili í.

3. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum alt að 500 kr., og skal helmingur þeirra falla til uppljóstrarmanns, en helmingur í sveitarsjóð þar sem uppljóstrarmaður dvelur, er hann verður áskynja um brotið.

4. gr.

Með brot gegn samþykkt þessari skal farið sem almenn lögreglumál.

Samþykkt þessi, sem samin er og samþykkt samkvæmt lögum nr. 56, 10. nóv. 1913, staðfestist hjermeð til að öðlast þegar gildi.

Í stjórnarráði Íslands, 24. júlí 1915.

Einar Arnórsson.

Jón Hermannsson.